



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2023  
2301039/0.4.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002 (innihaldsefni, umbúðir o.fl.), 530. mál.

Embætti landlæknis fagnar frumvarpinu en telur það miður hversu lengi innleiðing hefur tafist á mikilvægum þáttum tóbaksvarna á borð við endurnýjun á viðvörunarmerkingum á tóbaki.

Skuldbindingar Íslands á sviði tóbaksvarna ná til alþjóðasamþykktar og milliríkjasamninga. Fullgilding Íslands á rammasamningi um tóbaksvarnir árið 2004 markaði þáttaskil í skyldum stjórnvalda til að innleiða og framfylgja ákvæðum samningsins sem tók gildi árið 2005.

Virk þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi um tóbaksvarnir styrkir umgjörð starfsins hér og er brýnt að framfylgja rammasamningnum, m.a. með innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum.

Þá er einnig með frumvarpinu innleidd tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/109/ESB frá 10. október 2014 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB með því að taka saman safn af myndaviðvörunum til að nota á tóbaksvörur.

Ísland hefur sögulega sýnt frumkvæði með viðvörunarmerkingum á tóbaki. Fyrst með því að vera með fyrstu þjóðum til að innleiða viðvörunarmerkingar á tóbak 1971 og svo seinna með því að auka áhrif viðvörunarmerkinga með myndmerkingum árið 1985. Með þeim tölum sem orðið hafa á innleiðingunni hefur Ísland setið eftir hvað varðar þennan mikilvæga þátt tóbaksvarna. Viðvörunarmerkingar á tóbak hafa nú ekki verið uppfærðar á Íslandi frá árinu 2011.


Það hefur verið sýnt fram á með vísindalegum hætti hversu mikilvægt það er að breyta viðvörunarmerkingunum á tóbaki til að viðhalda virkni þeirra.

Margar þjóðir hafa stigið það skref að innleiða einsleitar umbúðir á tóbak og fylgja frumkvæði Ástralalands frá árinu 2012. Norðmenn voru fyrstir Norðurlandþjóða til að innleiða einsleitar umbúðir á tóbak árið 2018. Nú hafa allar Norðurlandþjóðirnar að Svíþjóð undanskilinni annað hvort innleitt einsleitar umbúðir á tóbak eða unnið áform um innleiðingu á þeim.

Embætti landlæknis hefði kosið að þetta skref hefði verið stigið hér á landi og einsleitar umbúðir teknar upp samfara þessari innleiðingu og breytingu á lögnum. Þó er ráðherra

samkvæmt frumvarpinu veitt heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um útlit einingapakka tóbaks og taka upp einsleitir umbúðir tóbaks. Embætti landlæknis hvetur eindregið til að það verði gert sem fyrst.

Virðingarfyllst,

  
Kjartan Hreinn Njálsson  
aðstoðarmaður landlæknis